



Fjarðabyggð - fjölskyldusvið
Hafnarbraut2
740 Fjarðabyggð

Fjarðabyggð, 8. nóvember 2022
Tilvísun 2211046/5.6.0

Tilnefning kjörinna fulltrúa í notendaráð

Samkvæmt 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 skulu sveitarfélög hafa samráð við notendur og starfrækja sérstök notendaráð.

Í 42. gr. í laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 er kveðið á um að skipa skuli samráðshóp um málefni fatlaðs fólks þar sem fjalla á um málefni fatlaðs fólks, framkvæmd og þróun þjónustunnar. Í samráðshópnum skulu vera að lágmarki þrír fulltrúar tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks og þrír fulltrúar kosnir af sveitarstjórn.

Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar á undanförunum árum til að mynda samráðshóp í Fjarðabyggð en illa gengið að fá tilnefningar. Töluverður þrýstingur hefur verið frá hagsmunasamtökum að sveitarfélög reyni sitt ítrasta til að auka samráð við fatlað fólk. Fjölskyldusvið kallar því eftir tilnefningum þriggja kjörinna fulltrúa til setu í ráðinu frá og með janúar 2023.

Fyrir hönd fjölskyldusviðs

Aðalheiður Björk Rúnarsdóttir
Stjórnandi stoð- og stuðningsþjónustu

